

## Inna

Nemendur þurfa að veita staðfest leyfi á Innu fyrir því að Strætó afli upplýsinga um virkt nám við skólann ætli þeir að nýta afsláttarfargjöld í Strætó.



### Hvernig stofna ég KLAPP aðgang?

1. Farðu inn á [klappi.is](http://klappi.is) og veldu **Mínar síður**
2. **Nýskráðu þig** með **símanúmeri** og staðfestu með öryggis kóða sem þú færð sendan með sms.
3. Veldu þér lykilorð og vistaðu.

Þá ertu búinn að stofna aðgang á **Mínum síðum** og tengjast **Klappinu (KLAPP app)**.

### Hvernig versla ég tímabilskort með nemaafslætti?

Vöruúrval með nemaafslætti: [Mánaðarkort](#) og [Árskort](#)

1. Veldu **Mínir miðar** og **Kaupa miða**, ýttu svo á **Tengjast með rafrænum skilríkjum** neðst á síðunni
2. **Auðkenndu þig** með **rafrænum skilríkjum**
3. Rafræn auðkenning er skilyrði fyrir því að kaupa fargjöld með nemaafslætti.

**Velja miða**  
(fyrir Klapp)

Stakir miðar | **Tímabil**

490 kr.  
**Stakt fargjald**

Fullorðinn

1 18-66 ára Breyta

Bæta í körfu

Átt þú rétt á afsláttarkjörum?  
Öryrki, námsmaður eða starfsmaður

Tengjast með rafrænum skilríkjum

Þegar þú hefur tengst með rafrænum skilríkjum bætast vöruflokkar við vöruúrvalið sem þú átt rétt á.

Til að versla nemakort velur þú **Tímabil**, þar getur valið á milli árs- eða mánaðarkorts. Þegar þú hefur valið tímabilskort sem hentar þínu ferðamynstri ýtir þú á **Breyta** og velur nemakort sem hentar þínu ferðamynstri.

### **Ganga frá greiðslu**

Farðu í **Körfu** merkið uppi í hægra horninu, og veldu **bæta við greiðslukorti** settu inn kortaupplýsingar og veldu **Ganga frá kaupum**.

Nú ætti nemakortið þitt að vera tilbúið til notkunar í **KLAPPINU (KLAPP-appinu)**!

**Þú sækir KLAPP-appið eða [Klappið](#) á Google Play eða App Store**